

## Stjórnarfundur ÍBA

Haldinn að Glerárgötu 26, 18.október 2012 kl. 17.30

Fundinn sátu: Pröstur Guðjónsson, Haukur Valtýsson, Magnús Gauti Gautason, Margrét Ólafsdóttir, Hörður Sigurharðarson, Áslaug Kristjánsdóttir og Þóra Leifsdóttir framkvæmdastjóri.



### 1. Málþing ÍBA 16.nóvember um íþróttaiðkun barna og unglinga

Rætt var um málþingið sem stefnt er að því að halda 16.nóvember n.k. í tilefni af 150 ára afmæli Akureyrarbæjar og 100 ára afmæli Íþróttasambands Íslands. Umræðuefni þingsins munu tengjast íþróttaiðkun barna og unglinga. Fyrirlesarar verða: Dr. Sigurbjörn Árni Arngrímsson, prófessor við Íþróttufræðasetur Háskóla Íslands, Sonja Sif Jóhannsdóttir, master í íþrótt- og heilsufræði, Þórdís L. Gísladóttir, aðjúntkt við Háskólann í Reykjavík, Ellert Örn Erlingsson, íþróttasálfræðingur og íþróttafulltrúi Akureyrar. Stjórnandi málþingsins verður Ágúst Þór Arnason, deildarformaður lagadeildar Háskólans á Akureyri. Þóra tók að sér að sjá um kynningu og undirbúning.

### 2. Ráðstefna 2.nóvember um þjálfun og hreyfingu fatlaðra

Pröstur sagði frá ráðstefnu sem haldin verður 2.nóvember n.k. í samstarfi við Hlyn Má Erlingsson hjá fjölskyldudeild Akureyrarbæjar. Ingi Þór Einarsson er þar með erindi sem höfðar til þjálfara og annarra sem koma að þjálfun og hreyfingu fatlaða. Samþykkt var að ÍBA taki þátt í kostnaði á móti ÍRA og VMÍ og komi upplýsingum um viðburðinn á framfæri við aðildarfélögin. Lagt til að hann yrði tileinkaður 150 ára afmæli Akureyrarbæjar.

### 3. Önnur mál

Sagt var frá bréfi sem barst frá Draupni með ósk um að flytja starfsemi sína frá KA heimilinu í aðra aðstöðu. Til greina kemur aðstaða í Vaxtarækt sem G.A. er hætt að nota en 2 ár eru eftir af samningi um það húsnæði og deilt er um hvort hann er riftanlegur. Tillagan hafði verið skoðuð og borin undir formann ÍRA. Rætt var um mögulegan kostnað sem af þessu hlytist og/eða hagræðingu. Ákveðið var að senda bréf til baka og óska eftir rökstuðningi fyrir þörfinni á að skipta um húsnæði.

Reikningur barst frá Frjálsíþróttasambandi Íslands yfir þjónustugjöld vegna iðkenda UMFA og Narfa. Ákveðið var að endursenda reikninginn, þar sem ekki er hægt að skuldbinda ÍBA til að borga fyrir iðkendur í ákveðnu félagi eða sjá um inheimtuna.

Önnur mál voru ekki rædd

Fundi var slitið kl.18.05

MÓ ritaði